

## Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

### Fundargerð (26)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 9. mars 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir  
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir  
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Rakel Guðmundsdóttir  
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson  
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri  
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams sunnudaginn 7. mars.

1. **Fundargerð 25. fundar** samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Spurningakannanir.** Í framhaldi umræðu á síðasta fundi lagði Einar Mar inn á Teams útreikning á skiptingu kostnaðar við spurningakannanir miðað við jafna hlutdeild launagreiðenda og samtaka launafólks. Útreikningurinn miðast við stöðugildi starfsmanna og stéttarfélagsaðild. Tryggvi greindi frá vilja Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu til að taka þátt í störfum og könnunum matshópsins og var því fagnað. Tryggvi og Einar Mar ganga frá aðild SFV að verkefninu. Stýrihópnum verður í kjölfar þess sendur endurskoðaður útreikningur á kostnaði og kostnaðarskiptingu.
4. **Leiðbeiningar vegna hvíldartíma.** Bára Hildur gerði grein fyrir drögum verkefnisstjórnar að leiðbeiningum stýrihóps varðandi meginreglur um daglegan hvíldartíma. Upphafsdög höfðu verið yfirfarin af launagreiðendum annars vegar og launafólki hins vegar og athugasemdir frá þeim teknar inn í tillögu verkefnisstjórnarinnar. Málið rætt og ákveðið að 2 fulltrúar frá hvorum, launafólki og launagreiðendum, fari yfir textann og fínþússi hann áður en verkefnisstjórn sendir leiðbeiningarnar til launagreiðenda á fimmtudaginn kemur.

5. **Tæknimál.** Aldís og Bára Hildur upplýstu að enn sem fyrr séu tæknimálin áhyggjuefni verkefnastjórnar. Stjórnendur og vaktasmiðir séu orðnir mjög óþreyjufullir eftir að vakta- og viðverukerfið Vinnustund geti reiknað út vægi vinnuskyldustunda og vaktahvata. Það sé nauðsynlegt til að hægt sé að leggja fram vaktaskýrslur með jafnvægi í starfsmannahópi að leiðarljósi. Í útgefnu kerfi Vinnustundar hafi reynst villa í útreikningum á vægi vinnuskyldustunda og vaktahvatinn sé enn í prófunum. Erfitt sé fyrir stjórnendur og vaktasmiði að vinna sín störf án þess að fá í hendur nauðsynleg verkfæri. Í liðinni viku hafi verið brugðist við alls ófullnægjandi stöðu með því að þétta raðir og styrkja samskipti. Á daglegum stöðufundum með fulltrúum Advania muni sitja fulltrúi frá Fjársýslunni, fulltrúi frá Reykjavíkurborg, verkefnastjórar tæknimála hjá ríki og verkefnastjórnin. Fulltrúar launagreiðenda í stýrihópnum munu allir sitja fastan fund verkefnisstjórnar með fulltrúum launagreiðenda á morgun og gera grein fyrir stöðu mála, m.a. staðfesta þá ákvörðun að drög vaktaskýrsluforms skuli vera tilbúin 15. mars nk.
6. **Skil á gögnum – eyðublað.** Bára gerði grein fyrir eyðublaði sem verkefnisstjórn hefur undirbúið til að auðvelda vinnustöðum að skila innleiðingarhópum upplýsingum um hvort mönnunarforsendur teljist standast. Eyðublaðið verður sent innleiðingarhópnum og þeir geta gert þær breytingar sem þeir telja þurfa til að gefa eins skýra leiðsögn og kostur er.
7. **Ferill mála.** Bára Hildur fór yfir drög verkefnisstjórnar að afgreiðsluferli einstakra mála sem berast vegna betri vinnutíma í vaktavinnu. Fulltrúar í stýrihópnum fara yfir ferilinn og skila athugasemdum fyrir lok dags ef einhverjar eru. Ferillinn verður kynntur á fundi með launagreiðendum á morgun.
8. **Önnur mál**
  - Engin

Fundi slitið kl. 15.18. Fundargerð er aðgengileg á Teams. Næsti fjarfundur þriðjudaginn 16. mars kl. 14.00 – 15.30.